

LÖG

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999 (öldungaráð).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um öldrunarmál og þjónustu við aldraða, skal starfa formlegur samráðsveitvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrír fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um öldrunarþjónustu skulu viðkomandi sveitarfélög og félög eldri borgara á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu öldungaráðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. maí 2020.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Ásmundur Einar Daðason.